




LURKASUMARIÐ MIKLA ER KOMIÐ

Þrjár nýjar
bragðtegundir!
Þú verður að prófa



Það er í sjálfu sér tilviljun að umsjónarmaður blaðsins beri diskóklúlu hér að neðan. En hversu viðeigandi er það þegar diskókingurinn Nile Rodgers er á forsiðunni?



FRÍÐRIK DÓR Á 30 SEK.

Uppáhaldslag í æsku: Mambo No. 5 með Lou Bega.

Besta barnalag allra tíma: Bein' Green með froskinum Kermit.

Ætti að mega að pissa á bak við hurð?

Nei, það er nú ekki skynsamlegt. Það er bölvuð fýla sem myndast þegar pissað er ítrekað á bak við hurðir.

Er fullorðið fólk skrytið? Já, mjög.

DR. GUNNI Á 30 SEK.

Uppáhaldslag í æsku: Raindrops Keep Falling on My Head með BJ Thomas.

Besta barnalag allra tíma: Lok, lok og læs með Ómari Ragnarssyni.

Fjöldi skipta sem þú hefur flutt

Prumpufólkið (Prumpulagið): Þúsund og eitt.

Fjöldi kvartana sem þú fékkst vegna

Prumpufólksins (Prumpulagsins):

Núll, ég fékk enga kvörtun til mín persónulega en heyrði af nokkrum útundan mér (hlær).

FYRIR SIRKUSDÝR

Sirkushátíðin Volcano, sem fram fer á vegum Norræna hússins og Circus Xanti, hefst í dag og stendur yfir til 14.

júlí. Líkt og glöggir borgarbúar hafa vafalaust tekið eftir reis nýverið sirkusþorp í Vatnsmyrinni

en hátíðin fer fram þar auk þess sem meginýning hátíðarinnar, Wear It Like a Crown, fer fram í Borgarleikhúsinu. Í þorpinu verður ekki einungis ógrynni sýninga heldur einnig sirkuskaffihús og námskeið fyrir börn og fullorðna.



FYRIR UNGA SEM ALDNA

Hin árlega **Götuhatíð Jafningjafræðslunnar** verður haldin á

Austurvelli kl. 14 í dag

(fim.). Hátíðin er skipulögð

af Jafningjafræðurum

Hins hússins og verður þar

boðið upp á

pylsur, ljúfa tóna, smokkakennslu,

götumarkað og lifandi bókasafn, svo

eithvað sé nefnt.



FYRIR TÓNÞYRSTA

Den Danske

Kro á Ingólfsstræti 3,

stendur fyrir

eigin **Roskilde Festival**

um helgina þar sem 15

flytjendur

koma fram á þremur kvöldum.

Hátíðin hefst í kvöld (fim.) kl. 18

og kostar armbandíð 1.500 kr. sem

gefur jafnframt afslátt á barnum.



Michael Jackson var ekki fáanlegur

Dr. Gunnar og félagar senda í dag frá sér lagið Gláðasti hundur í heimi sem flutt er af Friðriki Dór

„Þetta er sálarsleginn sumarsmellur og það kallaði á gaur eins og Friðrik Dór, sem er svona „R og B-kall“ með skemmtilega rödd,“ segir Gunnar Lárus Hjálmarsson, einnig þekktur sem Dr. Gunnar, sem sendir í dag frá sér lagið Gláðasti hundur í heimi. Lagið er sungið af Friðriki Dór og er jafnframt fyrsta lagið sem fær að hljóma í útvarpi af væntanlegri barnaplötu Dr. Gunna og féлага, sem ber nafnið Alheimurinn! „Síðan búum við náttúrlega á Íslandi þannig að það eru ekkert rosalega margir sem eru að syngja tónlist í þessum dúr auk þess sem Michael Jackson er fallinn frá, svo hann var ekki fáanlegur,“ bætir Doktorinn við á léttnum nótnum.

Árið 1997 gaf Dr. Gunnar út barnaplötuna Abbababb sem vakti í senn lukku og athygli enda innihélt hún meðal annars lagið Prumpufólkið, sem setti allt á annan endann á sínum tíma. En er ekki pressa að fylgja svona sigildri plötu eftir 16 árum síðar? „Það fylgir því ákveðin pressa, maður lifir náttúrlega í skugga Prumpulagsins, en við sömdum og sömdum þangað til við vorum bara með frábær lög og engin leiðinleg. Það er samt dálítið erfitt að gefa út nýja barnaplötu með engu Prumpulagi. Að þessu sinni fengu engir líkamsvessar að vella út,“ svarar Gunnar en dregur svo ögn í land: „Reyndar er eitt teknólóg á plötunni sem fjallar um hest sem gubbar. Það heitir einfaldlega Gubbuhesturinn og þar eru ákveðnar spurningar settar fram sem brenna á öllum eins og – geta hestar gubbað?“

Alheimurinn! inniheldur 14 lög og kemur út í október. Aðspurður hvort fleiri gestasöngvarar komi að verkinu segir Gunnar svo vera. „Það verða sex lög sungin af gestasöngvurum en önnur lög eru sungin af okkur Heiðu (Ragnheiði Eiríksdóttur). Hinir gestasöngvararnir verða hins vegar ekki gefnir upp að svo stöddu til að tryggja látlausa umfjöllun,“ segir Gunnar og hlær.

Friðrik tekur lauffléttan hund í laginu

Friðrik Dór var 9 ára þegar Dr. Gunnar gaf barnaplötuna Abbababb út, en hver voru viðbrögð Friðriks þegar Doktorinn hafði samband? „Ég var strax klár í þetta enda skemmtilegt lag sem hreyfði mig strax,“ segir söngvarinn.

Það vill svo skemmtilega til að á tónleikum á Friðrik það til að fá áhorfendur með sér í að leika eftir hundi og gelta til að byggja upp skemmtilega stemningu. Fær sú eftirherma að njóta sín í laginu? „Hundurinn sem ég hef verið að taka er svolítið reiður og grimmur, svona í anda DMX. Ég tók hann einmitt á Keflavík Music Festival í fjarveru DMX við mikinn fögnuð viðstaddra. Í laginu fær hins vegar að hljóma aðeins glaðari útgáfa af hundinum, svo ég, jú, ég tek lauffléttan hund,“ svarar söngvarinn hress.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

16 ár eru liðin síðan Prumpufólkið með Dr. Gunna kom út

17. júlí treður Nile Rodgers upp í Hörpu ásamt Chic

10 hlutir sem þú vissir ekki um Gosling má sjá á bls. 20

4 atríði sem þú þarft að vita um diskó-dans á bls. 18

MONITOR@MONITOR.IS

Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson

(jonragnar@monitor.is) **Umsjón:**

Einar Lövdahl (einar@monitor.is)

Framleiðslustjóri: Hilmur Gunnarsson

(hilmur@monitor.is) **Blabamenn:** Lís

Hafíðadóttir (lisa@monitor.is) Anna

Marsibíl Clausen (annamarsy@monitor.is)

Umbrot: Monitorstaðir

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs

(augl@mbl.is) **Forsíða:** Nile Rodgers

Productions **Myndvinnsla:** Ingólfur

Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur

Prentun: Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Við förum í fríið

Kæru lesendur Monitor!

Mér ber skylda að tilkynna ykkur að frá morgun með þessu tölublaði fer Monitor í sumarfrí og verður því ekki gefið út næstu þrjár vikurnar.

Á sama tíma og ég vona að áfrí blaðsins hryggi ykkur ögn, af því að ykkur þykir vonandi almennt ágætt að lesa blaðið, þá bið ég ykkur að örvænta eigi og spara tár-in. Blaðið snýr nefnilega aftur 1. ágúst næstkomandi, ferskara en nokkru sinni fyrr eins og manni sæmir eftir afslöppun í sumarfrí.

Þó er ekki svo að skilja að blaðið þessa vikuna sé eitthvað úldið eða lúíð. Þvert á móti er okkur sönn ánægja að kynna til leiks tölublað stútfullt af efni með heimsfrægum tónlistarmanni á forsiðu.


Á samt því að biðja ykkur lesendur að örvænta ekki langar mig að biðja ykkur um að njóta mánaðarins til hins ýtrasta þrátt fyrir aðskilnaðinn. Njótið veðursins þegar svo ber undir. Ferðist innanlands sem og utanlands. Hittið vini ykkar.

Farið á tónleika. Grillið. Vakið fram eftir í nætursólinni.

Þegar öllu er á botninn þhvoft er auðvitað engin ástæða til að örvænta því vefurinn okkar, monitor.is, verður í fullu fjöri allan júlímánuð. Einnig höldum við úti Facebook- og Instagram-síðunum.

Sem fyrr segir mætir blaðið síðan til baka 1. ágúst með árlegt Þjóðhátíðarblað.

Hafið þið gott, Einar Lövdahl



VIKAN Á FACEBOOK



Eysteinn Sigurðarson

Stólunum á biðstofu

Læknavaktarinnar hefur verið

stíllt upp svo að þeir myndi fimm raðir sem vísa allar í sömu átt: að flatskjánum. Mér líður eins og ég sé í bíó að horfa á Bold and the Beautiful!

2. júlí kl. 15:24



Maria Birta

Stór dagur í dag, nokkur viðtöl, frumsýning,

rauði dregillinn, dinner með

framleiðendum og party eftirá.. spennandi! Nú er það bara í hverju á ég að vera?! MCQ eða ekki.. það er spurning!

2. júlí kl. 07:33



Heiðar Halldórsson

Gleðilegan Júlí! Heitasti og falletasti mánuðurinn

byrjaður :)

1. júlí kl. 00:12



Heiðar Örn Kristjánsson

Hvernig er það...ætlar þessi gæsaúð sem ég fékk á

Nick Cave tónleikumunum ekkert að fara!!!

30. júní kl. 22:34

www.facebook.com/monitorbladid

Dorgið fór aldrei úr tísku

Fannar Örn Hafþórsson starfar sem rekstrarstjóri **Rent a Rod** við Reykjavíkurhöfn í sumar. **Monitor** ræddi við Fannar um starfið og veiðina.

Hver er Fannar Örn?

Ég er tvítugur námsmaður í viðskiptafræði í HR. Ég er frá Siglufirði og er kominn af mikilli fótboltafjölskyldu. Ég er eiginlega ættaður úr sveit, úr Fljótunum, og þaðan koma veiðigenin.

Hvað kom til að þú tókst við stöðu rekstrarstjóra?

Ég hef alltaf lagt mikið upp úr að vera sjálfstæður svo ég fór á stúfana og Jakob bauð mér í viðtal. Við vorum þrír sem komum til greina til að byrja með, að ég held. Hann lét okkur sanna okkur svolítið með því að leysa smá-verkefni og það endaði þannig að ég fékk stöðuna.

Þið voruð ekki sendir út með veiðistangir og látnir keppa í veiði?

Nei, það var ekki svo gott. En annars hefði ég ábyggi-lega unnið það líka.

Færð þú eitthvað að veiða sjálfur?

Já, ég stend hérna fyrir utan öðru hverju og dreg athygli að staðnum. Þegar maður beitir með rækju eru yfirleitt komnir 20 litlir ufsar á krókinn á skotstundu. Það er mikið meiri veiði hérna en við bjuggumst við og það veður athygli.

Hvað gerið þið við fiskinn sem veiðist?

Við erum með svokallað „Catch and release policy“ sem þýðir að ef viðskiptavinirnir vilja ekki eiga fiskinn sleppum við honum aftur, svo framarlega að hann andi enn. Við leyfum honum semsagt að njóta vafans. Það eru frekar Íslendingar sem vilja eiga fiskinn og þá sérstaklega þegar það veiðast stórir þorskar sem gerist oft. Vatnsskilyrðin í höfninni eru góð og það er alveg óhætt að borða fisk þaðan.

Takið þið að ykkur hópa?

Hingað hafa komið ýmis fyrirtæki í hópefli og svo villtist einu sinni hópur frá Nova til okkar. Þau voru sumsé í ratleik og áttu að veiða fisk og fyrir tilviljun rákust þau á okkur og nýttu sér þjónustuna. Við höfum líka fengið gæsa- og steggjapartý og það er alltaf mjög gaman. Þessir hópar eiga það til að vera skrautlegir en það hafa aldrei verið nein leiðindi. Enginn hefur verið of skrautlegur ef við megum orða það þannig.

Er dorgið í tísku?

Dorgið fór aldrei úr tísku. Það er eldögumul íslensk hefð að fara niður á höfn og læra að dorga og mun alveg halda áfram að erfast manna á milli.

En er rómantískt að dorga?

Klárlega, ég fer oft með kærustunni minni hérna niður á höfn. Það er rólegt og þægilegt en spennandi á sama tíma. Það er bara aldrei að vita nema við förum að bjóða upp á rómantíska dorgtúra.

Hvað er það skrítnasta sem hefur komið á stöngina hjá ykkur?

Það er hópur af fiskum sem kemur hérna í höfnina sem er mjög sérstakur. Fiskurinn er eins og áll í laginu, á að giska 20 til 30 sentimetrar á lengd en svo ekki nema tveggja sentímetra þykkir. Svo er hann með svo lítinn munn að hann bitur ekki á. Til þess að veiða hann þarf eiginlega að kasta langt, draga hratt og krækja einhvern veginn í hann.

Hvað er besti dorgstaðurinn við höfnina?

Það eru tveir staðir þar sem mesta veiðin er. Beint fyrir utan skúrinn hjá okkur, í horninu hjá Miðbakka og Austurbakka, hefur verið að veiðast vel og svo hef ég heyrt að það veiðist svakalega mikið í horninu hjá Landhelgisgæslunni nær Hörpu.

Hver er hinn týpíski viðskiptavinur Rent a Rod?

Það eru fjölskyldur allstaðar að úr heiminum, þrír til fjórir einstaklingar, táningar og eldra fólk sem kemur og reynir fyrir sér en svo fáum við einnig mikið af íslenskum pöbbum með börnin sín í sunnudagsveiði.

FANNAR ÖRN HAFÞÓRSSON

Fyrstu sex: 300992.

Í ísbúðinni fæ ég mér: Jarðarberjasjeik.

Uppáhaldsfiskurinn minn: Sjóbirtingur.

Versta veiðilínan: Var það sárt þegar þú féllst af himnum?

Uppáhaldsöfurfurhettja: Iron Man.

NYTT

BRINGU- SMÁBITAR



6 BITAR

799

9 BITAR

999



MÁLTÍÐ



**6 bitar, franskar
og gos**

1.199

Bættu 3 bringusmábitum
við KFC máltíðina þína

VIÐBÓT

499



BRINGUSMÁBITAR

Gómsætir bitar úr 100% kjúklingabringu, kryddaðir með leyniuppskrif ofurstans. Engin bein, ekkert vesen. Frábærir einir og sér eða sem viðbót við máltíð. Fjórir bitar eru ein heil kjúklingabringa.



KFC
SV000gott™



HVERSDAGS

PEYSA: BLEND
VESTI: SELECTED
BUXUR: H&M
SKYRТА: ZARA
SKÓR: NIKE FREE RUN
ÚR: KENNETH COLE



ÚT Á LÍFIÐ

JAKKAFATAJAKKI: KULTUR
SKYRТА: H&M
SLAUFА: FÉKK AÐ GJÖF
BUXUR: ZARA
BELTI: RALPH LAUREN
SKÓR: HERRAGARÐURINN
ÚR: DIESEL



UPPÁHÁLDS

KEYPTI ÞETTA DRESS
Á MARKADI Í MAROKKÓ
Í AFRÍKU



SPARI

JAKKAFATAJAKKI: KULTUR
SKYRТА, SLAUFА OG KLÚTUR:
HERRAGARÐURINN
BUXUR: ZARA
SKÓR: FRÁ ÚTLÖNDUM
ÚR: DIESEL

Mikilvægt að vera í töff sokkum

Bjarki Benediktsson er tvítugur Hafnfirðingur sem starfar sem yngriflokkabjálfi hjá FH. Bjarki er alltaf flottur í tauinu en hann segist líta upp til bróður síns, Brynjars, þegar kemur að tísku.

Hver er Bjarki?
20 ára Hafnfirðingur.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?
Mjög „casual“, vinn með fáa liti í einu en reyni að hafa einn lit sem sker úr og gerir útslagið. Ég hef lært mikið af tískugöðinu Emil Pálssyni í þeim málum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?
Ég á þannig séð enga uppáhaldsbúð en versla mikið í Gallerí 17 og Urban Outfitters. Síðan

fer ég í Herragarðinn og Kultur ef ég er að kaupa eitthvað meira spari.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?
Haustið.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi?
Brynjar Benediktsson, fyrrum Monitor-módel.

Áttu þér uppáhalds hönnuð?
Rob Kardashian, hann er með tryllta sokka-

línu sem vinur minn Guðmundur Gaukur kynnti mig fyrir og heitir Arthur George. Það er mikilvægt að vera í töff sokkum.

Hver hafa verið þín verstu tískumistöð?
Hvít Addidas-peysa sem ég gekk í allan ársins hring þegar ég var í unglingsdeildinni í Setbergsskóla á sínum tíma.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnunum í sumar?
Slaufu úr 104 Slaufum.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndi þú fá þér og hvar?
Ég myndi fá mér „half sleeve“, í kringum upphandlegginn á mér með mynd af Páli postula og setningunni: „We are what we repeatedly do. Excellence, then, is not an act, but a habit.“

Hvað ætlar þú að gera í sumar?
Ég ætla að þjálfra fótbolta hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, vinna og reyna að kætast meðan kostur er.



Stjörnustríð

Beyoncé Knowles vs. Irina Shayk
Þær eru báðar sjóðandi heitar í þessum flotta Roberto Cavalli-kjól. Söngdívann velur sér hann hvítan en fyrirsætan svartan og er Stíllinn örllítið hrifnari af svörtu útgáfunni sem Irina klæðist hér.

Gwen Stefani vs. Rihanna
Þessar eiga það sameiginlegt að vera í þrusu-formi og líta því báðar mjög vel út í þessum flotta hvíta topp. Aftur á móti er samsetningin hjá Rihönnu, leðurboxur og gyllta keðju-beltið, flottari en hjá Gwen.

Maria Menounos vs. Giuliana Rancic
Sjónvarpskynnarnir klæddust nýlega þessum blómotta kjól frá The Hellers. Giuliana er aðeins finni í hælum en Maria er afslappaðri í grænum strandskóm. Hvort tveggja lítur vel út og gengur upp.

Hayden Panettiere vs. Jenna Ushkowitz
Leikkonurnar tvær dressa kjólinn mjög svipað upp. Þær eru í nude-lituum skóm og með föllbleikan varalit við. Hayden skeltti sér aftur á móti í jakka yfir en þær eru báðar virkilega sumarlegar og sætar.



... með ekta Sírius rjómasúkkulaði



OPÍÐ BAK ER SÉRLEGA FALLEGT OG GEFUR ÖRLÍTIÐ KYNÞOKKAFULLT ÚTLIT.



EINNIG ER FALLEGT AÐ GANGA Í ÞAÐ HEILAGA Í FALLEGUM FÖL-BLEIKUM KJÓL.



HLÝRALAUSIR KJÓLAR GETA VERIÐ AFSKAPLEGA FALLEGIR FYRIR ÞÆR SEM BERA ÞÁ VEL.



FLOTTUR OG EINFALDUR KJÓLL EN ÞÓ MEÐ EINSTAKLEGA FALLEGUM „DETAILUM“.

Hinn fullkomni brúðarkjóll

Hvaða stelpa þekkir það ekki að hafa hugsað um og planað brúðkaupsdaginn sinn frá ungum aldri og þar leikur brúðarkjöllinn eitt mikilvægasta hlutverkið? **Stíllinn** tók saman nokkra fallega og ólíka brúðarkjóra.



FLEGINN EN UM LEIÐ SETTLEGR OG VIRKILEGA FALLEGR KJÓLL



ÞAÐ GETUR VERIÐ GAMAN AÐ BREYTA TIL OG GIFTA SIG Í ÖÐRU EN HVÍTU. ÞESSI GYLTI KJÓLL ER MJÖG FALLEGR.




BLÚNDUR ERU EINSTAKLEGA FALLEGAR OG GEFA RÓMANTÍSKT ÚTLIT



ÞAÐ ER EKKI MINNA MIKILVÆGT AÐ BAKIÐ Á KJÓLNUM SÉ FALLEGT

HJÓLAÐU TIL SIGURS MEÐ PODIUM®



Án BPA (bisfenóls A)

▶ NÁÐU HÁMARKSÁRANGRI:
EF LÍKAMINN FÆR NÆGAN VÖKVA
MÁ HALDA HJARTSLÆTTINUM
LENGUR NIÐRI

CAMELBAK® PODIUM® CHILL

Tvöfalt kaldara vatn og engin hætta á leka. Vatnspéttu og tvöföldu Podium® kælibrúsarnir halda vatninu köldu tvisvar sinnum lengur en venjulegir brúsar. Kalt vatn er líka svo miklu meira frískandi, hvort sem er á vegum úti eða í óbyggðum, sem hvetur þig til að drekka og eykur afköstin.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU PÉR MÁLIÐ Á CAMELBAK.COM/IN-PODIUMCHILL

CAMELBAK®
GOT YOUR BAK

Útsöluastaðir:

Útilíf utilif.is • Afreksvörur afrek.is • Intersport intersport.is • Örninn orninn.is • Markið markid.is • Kría Hjól kriahjol.is • GÁP Fjallahjólubúðin gap.is

MEX, HUGS & ROCK 'N ROLL



★ GÓÐ MEÐ LÍFINU ★

QUESADILLA



Þetta er ekki flókið. Þú ert það sem þú borðar.

Lífið er of stutt fyrir rusl. Þess vegna leggjum við hjá Serrano allt upp úr því að geta boðið upp á hollan, ferskan og bragðgóðan skyndibita.

Serrano er á sjö stöðum á höfuðborgarsvæðinu og opnum nýjan stað á Akureyri í júlí. Komdu og fáðu þér ferskleika á næsta Serrano og fagnaðu lífinu og heilsunni.


serrano

FRESH ★ HAPPY ★ MEX

HÖFÐATORG · SMÁRALIND · SPÖNGIN · N1 HRINGBRAUT
KRINGLAN · N1 BÍLDSHÖFÐA · DALSHRAUN

A photograph of Nile Rodgers, a man with long dreadlocks, wearing a grey beret, glasses, and a grey blazer over a light-colored shirt and cardigan. He is leaning on a black metal railing and looking thoughtfully to the side. The background is a wall of grey cobblestones.

Alveg eins og í gamla daga

Nile Rodgers er konungur diskósins og meðhöfundur vinsælasta lags í heimi þetta sumarið, **Get Lucky**. **Monitor** ræddi við hann um *Get Lucky*-fárið, Íslandskomuna og lífið sem tónlistargoð.



Það er fyndið að segja frá því en sem Bandaríkjamaður hugsa ég um ákveðin lönd sem virkilega kúl lönd og í mínum huga er Ísland eitt þeirra.

Er það herra Nile Rodgers?“ spyr undirritaður á ensku, sannarlega lúmskt stressaður. „Þetta er hann. Hvernig hefurðu það?“ svarar tónlistargóðið á hinum enda símtalsins, sitjandi á hótélherbergi í París og í rödd hans má samstundis greina yfirtengilegt magn af „kúli“ og vingjarnleika. Það er ekki á hverjum degi sem maður talar við tónlistarmann sem hefur selt yfir 100 milljónir platna um ævina og samdi vinsælasta lag heims þetta sumarið. Nile Rodgers er væntanlegur hingað til lands en hann fer fyrir diskósveitinni Chic í Hörpu 17. júlí. Undirritaður ræddi við hann á miðju tónleikaferðalagi um lífið sem konungur diskósins, Get Lucky-brjálæðið, framsækna hugsun á Íslandi og fleira þar fram eftir götum.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Getty Images

einarr@monitor.is

Kærar þakkir fyrir að veita okkur þetta viðtal, herra Rodgers. Hvernig hefur túrin verið til þessa?

Virkilega frábær. Ég er að vísu dálítið þreyttur einmitt núna enda var ég að klára annað giggið mitt hérna í París en eins og ég segi, þetta hefur verið frábært.

Ég hef verið að fylgjast með tónleikaferðalaginu í gegnum Twitter og ég sé að þú ert í miklu stuði. Ert þú að upplifa besta tímabil lífs þíns?

Það er allt virkilega gott en ég myndi kannski ekki segja „besta tíma lífs míns“ (hlær), af því að þetta er auðvitað virkilega, virkilega mikil vinna. Hins vegar er ekkert sem jafnast á við tímann sem ég ver uppi á sviði með hljómsveitinni minni að spila tónlistina mína og að sjá fólk úti í sal sem virðist kunna að meta það vel. Það er alltaf ótrúlegt.

Tónlist þín varð heimsþekkt fyrir áratugum. Færð þú enn sama fiðringinn við að sjá fólk úti um allan heim dansa og skemmta sér við tónlistina þína?

Já, á undarlegan hátt er það næstum því ennþá meira spennandi núna af því að þegar við gáfum þessi lög út hugsuðum við að lögin væru góð og allt það en við bjuggumst bara við að þau yrðu kúl í eitt eða tvö ár. Að þau séu búin að vera kúl í 30 ár er ótrúlegt. Það er alltaf mögnuð tilfinning að sjá jafnvel fólk sem var ekki einu sinni fætt þegar lögin komu út dansa við þau eins og þau séu splunkuný í dag.



„AAA, FRÍK ÁT!“

Nile Rodgers fæddist í New York árið 1952 og hóf að spila á gítar á unglingsaldri til að ganga í augun á stelpu. Hann stofnaði diskóhljómsveitina Chic árið 1976 ásamt félaganum sínum og bassaleikara, Bernard Edwards. Saman sömdu þeir ódauðlega diskósmelli á borð við Le Freak („Freak Out“), Everybody Dance og Good Times. Þegar diskólið datt úr tisku sökum innreiðar pönksins og nýbylgjurökks þurfti Chic að láta sér minni athygli nægja en tveikið tók þá að semja og framleiða smelli fyrir aðra tónlistarmenn með vægast sagt góðum árangri.

Við Íslendingar fáum tækifæri til að dansa við lögin þín 17. júlí næstkomandi. Hver var þín fyrsta hugsun þegar skipulagt var að Reykjavík yrði viðkomustaður á tónleikaferðalaginu?

Mér fannst það virkilega, virkilega kúl. Ég er mikill aðdáandi Bjarkar, þó svo að það hljómi líklega eins og klisja í þínum eyrum (hlær). Ég man eftir að hafa farið á tónleika með Björk (Sykurmolunum) í London fyrir töluverðu síðan og svo fyrir skömmu var mér sagt að einn af gæjunum úr hljómsveitinni hennar væri núna í borgarstjórn á Íslandi. Mér var sagt að ákveðið umrót hefði átt sér í stjórnmálunum á Íslandi þar sem einhvers konar „borgarstjórn fólksins“ hefði náð völdum og mér fannst virkilega heillandi að heyra það. Kannski voru ekki öll smáatriðin í sögunni hárrétt en mér fannst hún að minnsta kosti mjög rómantísk og falleg. Eftir að hafa heyrt þetta hugsaði ég: Núna get ég ekki beðið eftir að spila á Íslandi.

Ég verð líka að nefna að ég þekki til Eve Online, þar sem ég hef einnig starfað í tölvuleikjabransanum.

ENDURNÝTTUR Í SMELLI

Líkt og þekkt er í popptónlistarbransanum, hafa lög Nile Rodgers verið „sömpluð“ í gríð og erg í gegnum tíðina. Það kallast svo þegar undirspil úr lagi eða bútar úr undirspili eru nýttir í önnur lög. Gott dæmi um slíkt er lagið Good Times sem Sugarhill Gang nýttu í lagið Rapper's Delight árið 1979 sem er gjarnan titlað sem fyrsta rappalagið. Fleiri dæmi um listamenn sem hafa nýtt tónlist Rodgers eru Will Smith í laginu Gettin' Jiggy Wit' It og Notorious B.I.G. í laginu Mo' Money Mo' Problems.



Við eyjaskegjar verðum alltaf mjög forvitin um álit útlendinga á landinu okkar. Munt þú nokkuð ná að staldra við og skoða land og þjóð?

Ég er ekki viss en ég held að þetta verði „inn og út-heimsókn“, sem er synd af því að ég væri mjög til í að ferðast um landið. Ég var einmitt í flugvél um daginn og þar horfði ég á myndband þar sem verið var að kynna helling af kúl dóti sem maður þarf að gera á Íslandi. „Þú átt að borða þetta, þú átt að sjá þetta, þú átt að fara á þessi kaffihús“ og svo framvegis (hlær). Það var skemmtileg tilviljun að ég skyldi sjá þetta svona skömmu áður en ég kem til Íslands í fyrsta skipti.

Það er fyndið að segja frá því en sem Bandaríkjaáður hugsa ég um ákveðin lönd sem virkilega kúl lönd og í mínum huga er Ísland eitt þeirra. Jafnvel þótt heimurinn kunnir á skringilegan hátt að halda að Bandaríkin séu kúl, þá erum við ekki svo kúl. Það eru kannski einhverjar borgir í Ameríku sem eru kúl, eins og New York, hvaðan ég kem, L.A., San Francisco, Boston, en sem land í heild sinni virðumst við ekki búa yfir nógu framsækinni hugsun. Það truflar mig af því að ég ólst upp við menningu þar sem mjög framsækin hugsun þreifst. Foreldrar mínir voru „beatnik“, ég ólst upp sem hippí og þar hugsaði fólk mjög framsækið. Jafnvel þótt Íslendingar séu gömul þjóð þá virkar hún á mig sem fólk sem hugsar framsækið, til dæmis í málaflökkum eins og vísindum og listum. Þannig ímynda ég mér það að minnsta kosti. Á sama tíma finnst mér margt í Bandaríkjunum frekar gamaldags.

Þú hefur samið og komið að lögum sem hafa orðið goodsagnakennd og unnið með hinum ýmsu stóru nöfnum tónlistarbransans. Er hægt að spyrja þig hvaða samstarf hafi verið ánægjulegast eða er það ósanngjörn spurning?

Það er því miður ósanngjörn spurning þar sem nánast allt samstarf sem ég hef tekið þátt í hefur verið ánægjulegt. Satt best að segja er það stefna hjá mér þegar ég vinn að tónlist að ég hafi eins gaman og hægt er af vinnuferlinu af því að ég legg aldrei upp með að tónlistin slái í gegn eða seljist. Fyrir vikið þarf að vera gaman að búa til tónlistina því það gæti orðið besti hluti ferlisins. Kannski heyrir enginn tónlistina af því hún er ekki gefin út, kannski selst hún ekkert og svo framvegis. Ég gerði plötu með David Bowie sem hét Black Tie White Noise og útgáfufyrirtækið sem gaf hana út varð gjaldþrota skömmu eftir að hún kom út. Við hefðum svo sem ekki getað búist við því en ef við hefðum ekki skemmt okkur við að búa til plötuna, þá hefði gjaldþrotið verið nánast mannskemmaði aðstæður. En sú staðreynd að við skemmtum okkur við samstarfið og að við fengum að vinna saman í fjórða eða fimmta skipti gerði það að verkum að heildarferlið var frábært.

Lögin þín eru ekki bara sígildir smelli í þeirri mynd sem þú reiddir þau fram, heldur hafa mörg þeirra snúið til baka í formi „sampla“, til dæmis í rappögum og fleira. Ert þú hrifinn af því?

Já, í Ameríku segjum við að besta birtingarmynd upphafningar sé það þegar einhver hermí eftir manni. Í þessum tilfellum sem þú nefnir er ekki verið að reyna að stæla heldur er verið að nota búta beint úr laginu manns þannig að það hlýtur að vera ennþá hærra stig hróss. Þegar tónlistarmönnum tekst að gefa stefjum eða bútum úr lögunum manns nýjan tilgang og jafnvel búa til smelli úr þeim þá heldur það ekki bara höfundarréttinum á lofti heldur skapar það líka aukainnkomu fyrir listamenn eins og mig. Nú er félagi minn úr Chic (Bernard Edwards) auðvitað fallinn frá svo hann er ekki enn að gefa út tónlist eins og ég, en allar þessar „cover-útgáfur“ af lögunum okkar og „sömpl“ hafa til dæmis stutt fjölskyldu hans fjárhagslega.

Nýlega skók enn eitt verk þitt heimsbyggðina, ef svo má segja, þegar lagið Get Lucky gerði allt vitlaust. Lagið var meðal annars mest spilað lagið í útvarpi hér á Íslandi um tíma. Vissir þú strax frá byrjun að samstarf þitt við Daft Punk myndi bera svo rikulegan ávöxt?

Við vissum ekki að þetta yrði svona stórt lag. Ég held alveg örugglega að þeir (Daft Punk) hafi hvergi sagt að þeir hafi búist við því, en ef þeir hafa gert það einhvers staðar eru þeir að ljúga, trúðu mér (hlær). Við elskuðum lagið strax frá byrjun, það er á hreinu, en maður getur

aldrei vitað hver viðbrögð fólks verða. Ég meina, lagið er svo ólíkt því sem hefur verið í gangi að undanförmu, svo þá var óvissan ennþá meiri. Það var ekki hægt að vita hvort þetta yrði algjört bakslag eða hvort þessu yrði einmitt tekið opnum örmum og álitnið ferskt af því að það var ólíkt. Aldrei í lífinu hefðum við getað vitað að lagið yrði númer eitt á hinum ýmsu stöðum í heiminum á sama tíma. Daft Punk hafa aldrei einu sinni átt lag í fyrsta sæti á alþjóðlegum listum.

En þú hefur átt þau nokkur.

Já, en þrátt fyrir það þá bjóst ég aldrei við þessu. Ég myndi aldrei gefa út lag með væntingar til þess að það yrði númer eitt. Þegar ég gerði We Are Family og Le Freak þá vissi ég í hjarta mér að þetta væru stórefnileg lög, en trúði ég að þau myndu enda sem fyrsta sætis-lög? Aldrei nokkurn tímann. Maður veit heldur aldrei hvað annað er í gangi, hvaða aðrir listamenn eru að gefa út lög á sama tíma og svo framvegis.

Ég meina, við elskum að gerast heppnir (to get lucky). Síðan erum við með lag þarna sem heitir Lose Yourself to Dance og ég hlusta á það tíu sinnum á dag og það er ekki af því að ég samdi það eða neitt slíkt. Ef hver sem er hefði samið það, þá væri þetta eins. Þetta er bara sú tegund af „grúvi“ sem talar beint til hjarta míns.

Get Lucky er ekki bara frábært lag heldur má þar greina ákveðna endurkomu grúvsins, fónksins og diskósins. Átt þú einhverjar skýringar af hverju þetta allt saman hittir svona í mark árið 2013?

Ég gæti reynt að útskýra það en ekki haldið neinu fram sem staðreyndum, það væru bara ágiskanir. Málið er hins vegar að þessi tegund af lífrænni grúv-tónlist er sú tónlist sem hefur alltaf höfðað til mín, ég elska að vinna með svona tónlist. Aftur á móti kom tímabil þar sem ég fór í plötubúðir til að skoða rekkann með danstónlist og þá sagði ég með sjálfum mér: „Guð minn góður, tónlistin mín er ekki einu sinni álitin danstónlist nútíldags. Chic á ekki heima í danstónlistarrekkannum lengur.“ Þetta var fyrir svona 7-8 árum, þá var bara hægt að finna danstónlist sem var 100% rafræn, engin lífræn danstónlist. Það var auðvitað skrytið fyrir mig, mér fannst klíkkun að hugsa til þess að Chic væri ekki álitin danstónlist. Þetta hryggbraut mig.



SAMSTARF MEÐ ÞEIM STÆRSTU

Sagt hefur verið um Nile Rodgers að ef hann hefði „bara“ starfað með Chic væri hann samt tónlistargóð, en hann á þó töluvert fleiri rósi í sínu hnappagati. Hann samdi og framleiddi öll lögin á plötu Diana Ross, Diana, sem innihélt m.a. lögin Upside Down og I'm Coming Out auk laga fyrir Sister Sledge svo sem We Are Family. Þá hefur hann pródúserað plötur listamanna á borð við David Bowie, þar á meðal Let's Dance, Mick Jagger, Duran Duran og spilað inn á efni með sjálfum Michael Jackson. Er þá enn ónefnd platan Like a Virgin sem skaut Madonnu upp á stjórnuhimininn, en hana pródúseraði einmitt Nile nokkur Rodgers.

En nú virðist það hins vegar vera að breytast, ekki satt?

Ef marka má viðtökurnar á þessu umrædda lagi hefur tónlistin verið viðurkennd en ég þori ekki að spá hvort það þýði að núna komi fleiri svona grúv-lög til með að slá í gegn. Í hreinskilni sagt elska ég samt rafræna danstónlist. Mér finnst eitthvað sérstaklega náttúrlegt við hana af því að þegar ég sé mjög færa plötusnúða að störfum tek ég eftir því að settin sem þeir spila líkja í raun eftir lífinu eða hversdeginum. Það er að segja, þegar þú vaknar á morgnana er púlsinn þinn í ákveðnu stigi og svo verður þú fyrir einhverri örvun í gegnum daginn sem hækkar púlsinn, þú verður kannski áhyggjufullur yfir einhverju en svo lækkar hann aftur og svo framvegis. Mjög færir plötusnúðar fara með þig í álíka tilfinningalegt ferðalag. Með öðrum orðum er þetta frekar í áttina að því að vera frumstæð upplifun heldur en vitsmunaleg upplifun og það er miklu auðveldara að melta hið frumstæða. Það sem ég er að segja að rafræn danstónlist höfðar til fólks á mjög náttúrlegan hátt.

Þegar við sömdu þessi diskólög áður fyrr vorum við oftast að vinna með lög sem voru í 120 slögum á mínútu, sem er tvöfaldaður púls hraði í hvíldarstöðu. Við byggðum sem sagt lögin á líkamlegum upplýsingum. Það sem hefur síðan gerst er að danstónlistin hefur þróast í það sem við höfum í dag, house, teknó og dubstep en innsti kjarninn er enn diskó á vissan hátt. Raftónlistin á því

töluvert meira skylt við diskó og aðra lífræna danstónlist heldur en höfuðvaggandi rokkónlist, til dæmis.

Í kynningarviðtali fyrir plötu Daft Punk, Random Access Memories, talaði tónlistarmaðurinn Pharrell Williams um að áður en Daft Punk hafði samband við hann hefði hann verið að vinna að tónlist sem var innblásin af þér og Chic. Voru það örlögin sem leiddu ykkur saman?

Algjörlega, þetta hefði ekki getað verið heppilegra. Þeir í Daft Punk spurðu Pharrell út í hvað hann væri að gera þá dagana og hann svaraði: „Ég er að vinna með eitthvert hálfgerð Nile Rodgers-dót,“ og þá svöruðu þeir: „Hlustaðu þá á þetta,“ og létu hann hlusta á Get Lucky (hlær). Það var virkilega kúl. Hann hefur reyndar áður gefið út lag sem var í anda míns grúvs og þá er ég að tala um lagið Rock Your Body sem hann gerði með Justin Timberlake. Ég man að þegar við hittumst í fyrsta skipti gekk hann upp að mér, hneigði sig fyrir mér og baðst afsökunar á að hafa gefið út lag sem var hálfgerð stæling á Good Times með Chic. Ég svaraði bara: „Dude, það er bara svalasti hlutur í heimi fyrir mér að þið hafið náð þessari bassalínu (syngur bassalínuna úr Rock Your Body).“ Ég var upp með mér og mér fannst það frábært lag.

En hefur hann leyft þér að heyra þessi lög sem hann var að tala um?

Nei, við höfðum því miður engan tíma til þess. Við hittumst bara við gerð kynningarmyndbandsins fyrir Get Lucky og það var gert undir mikilli tímapressu. Ég var á miðju tónleikaferðalagi með Chic svo ég þurfti að fljúga til þeirra í Ameríku beint frá Þýskalandi, stökk í myndverið til að taka upp og fór svo beint í flugvél til Sviss. Það var einmitt fyndið að þegar lagið var komið út var skrifuð grein um þetta allt saman í Rolling Stone og þá var ég spurður hvort ég ætti ekki mynd af mér með vélmennunum í Daft Punk en þá fattaði ég að ég hafði ekki einu sinni náð að láta taka þannig mynd af mér (hlær).

Má búast við fleiri nýjum lögum frá þér sem þú vinnur í samstarfi við heimsþekktu tónlistarmenn?

Já, engin spurning. Fólk áttar sig kannski ekki á því en ég tók upp Get Lucky með Daft Punk fyrir rúmu ári. Fyrir rúmunum tveimur árum var ég greindur með mjög aggressíft krabbamein og á því augnabliki ákvað ég að mig langaði að gefa út helling af tónlist, spila á helling af tónleikum og þess háttar. Mig langaði að gera það í meðferðarskyni af því að þegar ég sem og pródúsera tónlist þá líður mér vel. Ég vissi ekki hvernig þetta með krabbameinið myndi fara svo ég vildi bara vera iðinn við tónlistina. Þá setti ég af stað fjöldann allan af samstarfsverkefnum og Daft Punk var bara eitt þeirra. Ég hef verið að vinna með David Guetta, Avicii, Tensnake og mjög kúl frönskum söngvara sem heitir Étienne Daho, svo dæmi séu tekin. Undanfarið ár hef ég tekið upp svo mörg lög að ég hef ekki einu sinni tölu yfir þau. Ég er ótrúlega stoltur af öllu þessu. Avicii er einn besti samstarfsmaður sem ég hef átt síðan ég vann með Bernard (Edwards úr Chic), við tölum saman í símann daglega og ég elska tónlistina sem við semjum.

Við hverju mega íslenskir tónlistarunnendur búast í Hörpu 17. júlí næstkomandi?

Ég vona að fólk komi og upplifi svipaða skemmtun og við í hljómsveitinni upplifum. Þegar við erum uppi á sviði erum við glaðasta fólk í heimi og það sést. Gleðin er alveg ósvikin, við elskum bara að spila þessi lög. Þetta verður ekki bara tónlist Chic heldur The Chic Organization og í því felst að við spilum líka lög sem við Bernard sömdu og pródúseruðum fyrir Diana Ross og Sister Sledge og svo tókum við lög sem ég hef sjálfur pródúserað eins og lög með Madonna, Bowie, Duran Duran og INXS. Ég hef samið og komið að ansi mörgum stórum lögum á ævinni og ég er mjög tengdur við þá tónlist. Mér finnst þau tilheyra mér jafnmikið og listamönnunum sem fluttu þau.

We Are Family samdi ég fyrir Sister Sledge en það er samt eins og barnið mitt, svo að spila það á sviði er eins og að fá að leika við barnið sitt.

En mér skilst að þið takið ekki Get Lucky á tónleikum.

Nei, það er of snemmt fyrir það. Ég var að spila með Chic þegar Like a Virgin kom út og ekki spiluðum við það á Chic-tónleikum (hlær). Það hefði verið órókrétt.

Heldur þú að Get Lucky verði einhverjum tímann flutt á tónleikum?

Ég vona það svo sannarlega og ég vona að það verði þá ég, Daft Punk og Pharrell. Það hljómar frábærlega.

Hvernig hljómar annars planið þitt? Hyggst þú grúva að eilífu?

Algjörlega, vinur. Ég ætla að halda áfram eins lengi og ég get. Það eru ansi mörg lög á döfinni hjá mér, þetta er bara alveg eins og í gamla daga. Fólk fattar það kannski ekki en við í Chic gáfum eiginlega bara út alla þessa smelli á tveggja ára tímabili svo það er svipað uppi á teningnum á þessu tveggja ára tímabili sem hefur liðið síðan ég greindist með krabbameinið.

Ög hvernig líður þér þessa dagana?

Ég er laus við krabbameinið sem stendur en ég er klárari en svo að gera mikið mál úr því. Mér líður þó vel sem sagt og hlakka til að skemmta mér með ykkur á Íslandi.



URÐU ANSI HEPPNIR

Lagið Get Lucky þarf varla að kynna fyrir lesendum Monitor. Lagið, sem Nile Rodgers samdi ásamt Daft Punk og Pharrell Williams, hefur farið sigurför um heiminn frá því að það var formlega gefið út þann 19. apríl – og meira að segja fyrir, því laginu var lekið á netið skömmu áður. Samkvæmt Wikipedia hefur lagið ratað á topp 10 lista í um 30 löndum. Lagið hefur trónað á toppum vinsældalista úti um allan heim og slegið hin ýmsu sölumet. Til dæmis var það fyrsta smáskífa þessa árs til að seljast í einni milljón eintaka og það á aðeins 69 dögum. Þar að auki hefur engu lagi verið halað jafnoft niður á einum sólarhringi á tónlistarveitunni Spotify og Get Lucky.



Nile Rodgers hefur selt rúmlega

100 MILLJÓNIR HLJÓMPLATNA

Ef slíkum fjölda platna væri staflað saman yrði til turn um



150 KM á hæð.



Gítar Rodgers, Fender Stratocaster sambland frá '59 og '60, hefur verið kallaður „The Hitmaker“ og var eitt sinn metinn á tæplega


246 MILLJARÐA ÍSLENSKRA KR.

í ljósi þess hve verðmæt lög hafa verið samín og tekin upp á hann í gegnum tíðina. Búast má við því að verðmætið hafi aukist eftir velgengni Get Lucky.

Rodgers er þekktur fyrir

EINKENNANDI GÍTARHLJÓM

og –stíl sem úgrynni gítarleikara hefur apað eftir.



**ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR**



ER MÁLIÐ!

**GUÐNÝ GÍGJA
SKJALDARDÓTTIR**

Fyrstu sex: 190590.
Uppáhalds útilegumatur: Hamborgarar.
Uppáhalds varðeldslag: Gin&Juice
Morgundögg eða miðnætursól? Bæði betra.
Kubbur og bjór eða göngutúr og orkudrykkur?
Kubbur og bjór.

BJARTEY SVEINSDÓTTIR

Fyrstu sex: 100290.
Uppáhalds útilegumatur: Hamborgari.
Uppáhalds varðeldslag: Wayfaring Stranger með
Johnny Cash en við tökum Ed Sheeran-útgáfuna.
Morgundögg eða miðnætursól? Miðnætursólin.
Kubbur og bjór eða göngutúr og orkudrykkur?
Það fyrra.



Tjaldið er málið

Bjartey Sveinsdóttir og Guðný Gígja Skjaldardóttir eru stofnendur hljómsveitarinnar Ylja sem einnig er skipuð þeim Smára Tarfi og Valgarði Hrafnssyni. Þær stóllur kynntust í kór Flensborgarskólans og hafa verið óaðskiljanlegar síðan. Monitor spjallaði við stúlkurnar um útilegur og ferðahelgina framundan.

Farið þið vinkonurnar einhvern tíman saman í útilegur?

B: Já, við erum meira að segja að fara á Rauðasand festival núna um helgina þar sem við munum spila og verðum í tjaldi.

Kjósíði frekar tjald heldur en nútímaleg þægindi á við fellihýsi?

B: Ég segi að tjaldið sé málið, það er ekki stemming án tjalds.

G: Það er rosalega gaman svo lengi sem veðrið er gott.

Grípið þið í gítarinn við varðeldinn?

G: Ég geri það nú alveg en ég er ekkert sérstaklega vel að mér í útileguslögurum. Ég myndi kannski taka hann upp þegar allir aðrir eru búnir með sinn kvóta.

B: Ég geri það svona stundum en ég kann ekki heldur svo mikið af partýlögum, ekki nema ég sé með nótur fyrir framan mig. Á þjóðhátíð 2009 var ég með einhverja möppu og þá var ég með gítarinn allan tímann. Gítarstemmingin er voða góð. Það er allavega nauðsynlegt að vera með einhverskonar hljóðfæri í útilegum.

Hver er uppáhalds útilegustaðurinn ykkar?

G: Rauðisandur.

B: Vestfirðirnir eru í miklu uppáhaldi. Landslagið og náttúran er svo falleg og heillandi.

Hvernig klæðið þið ykkur fyrir útilegur?

B: Ég fer í hluti sem mér finnst þægilegir og flottir. Lopapeysa og kannski gallabuxur við og húfa og vettlingar.

G: Ég fer með nóg af hlýjum peysum og kósý fatnaði. Maður er ekkert að gella sig upp en reynir samt að vera allavega ekki hallærislegur. Það er um að gera að klæða sig eftir veðri.

Hvaða tónlist spilið þið í bílunum á leiðinni í útilegu?

B: Kings of Convenience sem dæmi og bara eitthvað hressst.

G: Það er svo margt. Við hlustum auðvitað á mjög svipaða tónlist svo við skiptum því bara systurlega á milli okkar hver fær að ráða.

Hver er eftirminnilegasta útilega sem þið hafið farið í?

B: Rauðisandur 2011. Það var svo rosalega gott veður og við sömduð einmitt lagið „Á rauðum sandi“ um þessa helgi.

G: Það var alveg æðislegt. Þetta er sem sagt þriðja árið sem við spilum þar.

Er eitthvað öðruvísi að spila á hátíðum úti á landi en í Reykjavík?

G: Það er auðvitað öðruvísi að vera inni á bar en úti í náttúrunni og andrúmsloftið er kannski öðruvísi en ef við erum í góðu formi og okkur líður vel skilar það sér til allra.

Hver setur upp tjaldið þegar þið farið í útilegur?

G: Smári (hlær). Við reynum að hjálpast að, held ég.

B: Já, við hjálpumst öll að.

Hvernig verður ferðahelgin hjá Ylju?

B: Við verðum að spila á Rauðasandi á föstudaginn og á Dýrafirði á laugardaginn. Svo spilum við á Patreksfirði á sunnudagskvöldið með Snorra Helgasyni en við byrjum helgina í Stykkishólmi á morgun ásamt Samaris.

G: Ég er ótrúlega spennit fyrir þessari helgi. Hún er svo þétt bókuð og það er svo mikið ferðalag á okkur. Þetta verður strembið en skemmtilegt.

amc

Grillmeistarinn

Það dugir engin meðalmennska þegar kemur að því að grilla og því hefur Monitor tekið saman tvær gómsætar uppskriftir sem þú verður að hafa við höndina í útilegunni.

MONITORBORGARI

Innihald:

900 gr. nautahakk
1,2 dl. rifinn cheddar-ostur
60 ml barbecue-sósa
salt
svartur pipar
laukduft
lítill handfylli af rifinni steinselju

Aðferð:

Demið öllu hráefninu í skál og hnoðið saman. Ef blandan er of þurr má notast við egg og ef hún er of blaut má notast við rasp. Mótið borgara og skellið á heitt grill í nokkrar mínútur á hvorri hlið. Raðið borgurinum á brauð ásamt káli, gúrkum, tómötum, rauðlauk, bernaise og salsósu eða hvaða öðru gúmmelaði sem ykkur dettur í hug.

EPLAKAKA Á PRIKI

Innihald:

3-4 epli
2 msk. kanilsykur
sykurpúðar
grillpinnar

Aðferð:

Skerið eplin í báta og þræðið á grillpinna. Grillið yfir varðeldi eða kolum þar til safinn er tekinn að leka úr og hýðið er laust. Fjarlægjið hýðið varlega.

Veltið eplunum upp úr kanilsykrinum. Þræðið sykurpúða upp á pinnana með eplunum og grillið yfir þar til sykurinn á eplunum er bráðnaður og sykurpúðarnir eru stökkir að utan en mjúkir að innan.

Diskóbylgjan er á leiðinni

Í tilefni vinsælda *Get Lucky* og þess að diskógoðið Nile Rodgers prýðir forsíðu **Monitor** dustaði **Freyr Árnason** rykið af diskóinu, sem virðist vera að snúa aftur

Með tilkomu slagarans *Get Lucky* með Daft Punk, Nile Rodgers og hr. Pharrell Williams virðist diskóið vera næst á dagskrá. Það eru komin næstum 40 ár síðan það leit fyrst dagsins ljós og nú virðist það vera að gægjast inn um gluggann. Því til stuðnings má benda á að þröngar diskóbuxur eru komnar aftur í tisku. Allt er þetta þó meira undir diskóáhrifum en „full on“-diskó, en það mun breytast. Að því gefnu ætlum við að fara yfir undirstöðuatriðin í diskói svo almenningur verði viðbúinn þegar bylgjan kemur, því hún mun koma.

Diskó er dregið af franska orðinu „discothèque“ sem útleggst

á íslensku: safn af plötum. Seinna meir fóru menn að kalla skemmtistaði í París sem spiluðu ekki lifandi tónlist heldur einungis plötur þessu nafni. Þaðan er talað um að diskóstyttingin sé upprunnin og hafi verið slengt á þessa nýju tónlistarstefnu sem kom upp úr 1970. Diskóið byrjaði sem minnihlutaspport og var aðallega fagnað af Ameríkönóm af afrískum, ítölskum og latneskum uppruna auk þess að eiga dyggan stuðningsmannahóp meðal samkynhneigðra karlmannna. Diskó var ekki bara tónlist, heldur einnig fatastill, dansar, ákveðið lífsviðhorf og í rauninni breyting á því hvernig fólk nálgast tónlist.

RASSINN STJÓRNAR FERÐINI

Nokkur mikilvæg atriði er kemur að diskódansi:

- 1** Góðir hælaskór eru mjög mikilvægir.
- 2** Rassinn ræður alltaf för. Hann er sá partur líkamans sem stjórnar ferðinni. **Undirbúningur:** Margir myndu halda hnébeygja en það er síður en svo rétt. Þeir sem ætla taka öll helstu diskósporin í haust ættu að æfa upp gott mjóbak og góða hliðar magavöðva. Þess vegna eru deadlift og hliðarplankar mikilvægur liður í sumaræfingum þeirra sem ætla sér sigra á dansgólfinu.
- 3** Mikilvægt að hreyfa hnén inn og út. **Undirbúningur:** Yoga og það helst hot yoga.
- 4** Þegar kemur að snúning, alltaf hafa eina löppina í læstri stöðu, stattu í tærnar og notaðu hina til að snúa þér í hring. **Undirbúningur:** Setja spelku á aðra löppina til að halda henni læstri í frítíma. Þannig ætti læsta staðan að brenna inn í hreyfiminna líkamans.

AFRÓ OG MOTTUR

Nokkur mikilvæg atriði varðandi stíl:

SKÓR

Með hælum og þykkum botn, sakar ekki ef þeir eru sebraðir. **Undirbúningur:** Fyrir karlpeninginn sem er ekki vanur þykkum botni og hælum gætu skórnir reynst kálfunum erfiðir. Þess vegna mælum við hiklaust með því að menn fari að taka kálfalyftur grimmt í sumar til að ná upp formi fyrir haust-diskótískuna.

HEILGALLAR

Heilgallar útvíðir að neðan. Gullitaðir, silfraðir eða regnbogaskreyttir eru frekar mikið must. Ef þú átt bara eitthvað sem glansar geturðu límt það á gallann. **Undirbúningur:** Taka 30 mínútur á dag í einrúmi í þröngum heilgalla. Fyrir hin venjulega borgara sem er vanur buxum og skyrtu/peysu ætti að taka nokkra stund að venjast þessu nýja sniði.

GÓÐUR KRAGI

Ef heilgallar og samfestingar gera ekki mikið fyrir þig þá er mikilvægt að vera með góðan, langan kraga á öllum skyrtum og jökkum sem þú kemur höndum yfir. **Undirbúningur:** Taka saumavél í hönd og henda framlengingu á alla kraga sem þú kemur höndum yfir.

HÁR

Afro eða vel krullað hár er frekar mikið must og síðan skemmir ekki góð motta fyrir. **Undirbúningur:** Byrja að safna... núna.



GLIMMER OG ÓEIRÐIR?

Hvaða fylgjfiskar gætu komið aftur:

SKAUTAHALLIR

Held að mannkynið hafi lært fyrir fullt og allt að hjóla-skautar voru ópraktískt uppfinning en í þetta skipti gætu línuskautahallir risið víðsvegar um borgina þar sem fólk skautar í hringi í takt við tónlist.

UMHVERFISÁHRIF

Það er nokkuð ljóst að við næstu diskóbylgju mun eftirspurn eftir glimmeri aukast gríðarlega. Glimmer er gert úr plasti, áli og allskonar drasli og myndi því mengun aukast gríðarlega í samhengi við aukna framleiðslu.

DANSKEPPNIR Á SKEMMTISTÖÐUM

Hver veit nema enginn verði maður með mönnum án þess að geta stigið nokkur létt spor. Veit ekki hvort þetta verður aðalmálið á Prikinu í vetur, en það væri forvitnilegt að sjá Danna Deluxe spinna plötum við danskeppni á þessum þremur fermetrum sem í boði eru.



ÓEIRÐIR

Diskóunnendur voru flestir spakir, en þeir sem filuðu ekki tónlistina filuðu hana það lítið að það snerist í raun út í hatur. Diskóið var bókstaflega drepíð árið 1979, eða allavega farið það illa með það að leiðin lá bara niður eftir. Það ár var Disco Demolition Night haldin í Chicago og eftir það var ekki aftur snúið. Viðburðurinn fólst í að brenna diskóplötur og aðrar birtingarmyndir tímabilsins, haldinn á íþróttaleikvangi White Sox og endaði í geðbiluðum óeirðum. Þegar gjörmingurinn var haldinn voru 6 efstu lögin á vinsældarlistum diskólög, þremur mánuðum seinna var ekkert.



tónlist

Freyr Árnason
monitor@monitor.is

BARRY WHITE

Frumkvöðull á sínu sviði sem átti eitt af fyrstu vinsælu diskólögumum. Það ber líklegast enginn tónlistarmaður jafn mikla ábyrgð á fjölgun mannkyns og Barry White. Þá er ég ekki að tala um hann hafi verið út um allan bæ heldur tónlist hans. Maðurinn sem söng um ástina var þó ekki alltaf líklegur til að slá í gegn því ungar var hann inn og út úr fangelsi og tókst meðal annars stela dekkjum af cadillac-bílum fyrir meira en þrjár milljónir, sem er líklegast mun hærra upphæð í dag og hlýtur að telja yfir þúsund dekk.



VILLAGE PEOPLE

Þvilíkir fagmenn. Byrjuðu í diskóinu en þróuðust seinna meir út í meiri danstónlist. Hugmyndin var að gera súpergrúppu úr karakterum sem miðaldra hvítir skrifstofufakarlar töldu staðlaðar fantasíur samkynhneigðra karla. Eitthvað höfðu þeir fyrir sér því sveitin varð vægast sagt vinsæl. Ef einhverjir útflendingar ættu skilið að fá Fálkaorðuna íslensku væru það án efa Þorpsbúarnir fyrir slagara á borð við Macho Man.



ABBA

Sænsku ofursveitina þarf vart að kynna, rúmum 40 árum seinna kunna nánast allir öll helstu lög þeirra og þekkja sögu þeirra á einhvern hátt. Það sem færri vita er að sveitin varð ekki svona ofurvinsæl fyrr en hún gaf út Greatest Hits-plötu 1975 þrátt fyrir að Mamma Mia hafi verið eina lagið þeirra sem hafi náð efsta sæti á vinsældarlista nokkurstaðar. Af 14 lögum höfðu aðeins 6 þeirra komist inn á topp 40 vinsældarlista en samt sem áður varð þetta safn ímyndaðra hittara að algjöru hitti og restin er sagnfræði.



HVAÐ LIFÐI ÁFRAM:

- 1 Robot-dansinn**, blessunarlega. Það má kannski deila um hversu vinsæll hann sé í dag en án diskósins væri heimurinn allavega einum dans fátækari.
- 2 DJ-meningin**. Þróunin sem sprakk út á diskótímabilinu að spila plötur frekar en lifandi tónlist lifir ennþá góðu ef ekki betra lífi í dag.
- 3 Tónlist, einungis spiluð með rafhljóðfærum**. Fyrir diskótímabilið þekktist ekki að lög, algerlega unnin rafrænt, næðu vinsældum. Í dag liggur við að því sé öfugt farið.
- 4 Dansmix** af vinsælum lögum fyrir skemmtistaði.





#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd**
og vertu með í gleðinni.

Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**,
auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning
því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

MONITOR

APPAÞRENNAN

Montaðu þig í bongóblíðu

Ef marka má Instagram um síðustu helgi, þegar sólin lék við landsmenn, virðast margir íslenskir „grammarar“ vera komnir á lagið með að nota **Instaweather**. Forritið gerir þér kleift að pósta e.k. skýrslu um veðrið á þeim stað sem myndin er tekin á án nokkurrar fyrirhafnar.



Með 112 í vasanum

Fyrr í mánuðinum sendi Neyðarlínan frá sér smáforrit sem ætlað er ferðamönnum. Með appinu má bæði tilkynna Neyðarlínu um staðsetningar sínar, t.d. í fjallgöngu, auk þess sem hægt er að senda út neyðarboð sé tilefni til þess. Vertu sem öruggastur í leiðangrinum með 112 í vasanum.



Ekki vera út' úr heiminum

Eins gaman og það er að hlusta á tónlist í heymartólum þá getur líka verið óþægilegt að eingangra sig alveg og heyra engin umhverfisljóð. Appið Awareness er lausn við því þar sem forritið býður manni upp á að hlusta á tónlist en heyra jafnframt umhverfisljóð í kringum sig. Það eina sem til þarf eru heymartól með hljóðnema á, sem fylgja með helstu snjallsímum.



BÆTINGARRÁÐ BERGS



Sumarfríið

Sumarið er komið og því fylgja oft ferðalög. Það þarf þó ekki að stoppa fólk frá því að hreyfa sig. Í útilegu er fátt betra en að vakna og skella sér í smá-skokk eða göngutúr um fallega náttúruna og njóta kyrrðarinnar og umhverfisins.

Að rölta upp á næsta fjall er líka frábær æfing sem styrkir og brennir auk þess sem maður fær oftan en ekki fallett útsýni í verðlaun.

Það er líka hægt að leika sér með allskyns þrekhringi og æfingar sem þarfnast ekki lóða en koma svitanum vel af stað. Farðu inn á facebook.com/baeting til að sjá þrekhring sem hægt er að taka hvar og hvenær sem er, án lóða eða tækja.

Bergur er fyrrverandi frjálssþróttakappi og starfar sem ÍAK-einkaþjálfari hjá Reebok Fitness. Kynntu þér málið nánar á www.facebook.com/baeting



EINTÓM ÞVÆLA



Kósíkvöld!

Íslenska stúlknalandsliðið stóð uppi sem sigurvegari á Norðurlandamótinu í hópkúri í vikuni.

Hin „fullkomna“ ruglkona

Mér leið svo vel eftir að ég las ástarsorgarpistilinn þinn,“ sagði gömul bekkjarsystir mín. „Ég gerði mér grein fyrir því að það eru ekki allir með allt á hreinu“. Skemmtilega orðað hjá dömunni. Hálfgerð hrós í ó-hrósi.

Þetta er samt svo góð pæling. Í dagsins amstri sjáum við lítið nema rjómann af lífi fólks. Internetið (fésbók, instagram, hvað sem þetta alltsaman heitir) er til dæmis hið frábæra verkfæri einstaklingsins til að sannfæra landann um hans fullkomna líf. Þar virðast allir augljóslega með allt á hreinu – og sjúklega sætir í þokkabót! Á þessum rjóma byggjum við svo hús uppfullt af hugmyndum um líf þessara einstaklinga. Hlutir eins og að fá risavönd í rúmið frá elskhuganum, hlaupa 21 km (10 km er ógjörningur í mínum huga, hvað þá 21!) og smá-sjóndsprettur áður en hent er í 20 manna matarboð (humar sem þú að sjálfsgöðu veiddir sjálfur og grænmetið úr bakgarðinum) virðast, samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja, lýsa heldur hefðbundnum miðvikudegi, sem endar svo að sjálfsgöðu á því að skreppa í smá-roadtrip um Asíu.

En rjómi er einmitt það sem þetta er. Best of. Undanrennuliðið - þetta hefðbundna ekkert-að-frétta líf, ratar síður í rafrænar dagbækur landans. Þegar allt er ofboðslega venjulegt. Jafnvel bara ekkert svo gott. „Missti vinnuna í dag. Yfirmaðurinn skilur ekki alveg að ég þarf bara mína daglúra!“ Jú, með-allt-á-hreinu-fréttirnar eru vissulega sýnilegri. Og það er erfiðara að „aftagga“ þá staðreynd, að þú spígsporaðir um útgáfupartíð með flaxandi ummerki klósettferðar í eftirdragi, áfast við skóinn.

Til viðbótar má svo finna fjöldann allan af fréttum sem reyna að planta hjá okkur ákveðinni hugmynd um hvað fullkomnun stendur fyrir og hvernig við getum nálgast þennan vinsæla ákvörðunarstað. Blessunarlega höfum við

flestöllum áttað okkur á photoshop-áhrifum glanstímaritanna. En það er einfalt að vanmeta áhrif snjallsíma-filteranna og hversu auðveldlega lífið sjálft má „photoshoppa“ með fésbókinni.

Staðreyndin er einföld. Það eru ekki allir með allt á hreinu. Eftir að ég gerði mér grein fyrir þessu, hætti viðmiðið að vera einhverskonar allsherjarfullkomnun. Viðmiðið varð ég sjálf. Ég gerði mér samhliða grein fyrir því að stundum, stundum er maður bara hreinlega asnalegur. Syngur inn á talhólf hjá ókunnugum og sendir afskaplega vandræðaleg SMS. (G-l-æ-t-a-n til dæmis að mín vandræðalegustu skilaboð fái að líta dagsins ljós í einhverskonar stöðuuppfærslu). En þegar maður er stundum bara asnalegur, verður það jafnvel lífsnauðsynlegt að geta staldrað við og hlegið að öllu því skritna sem almenn asnalegheit (og SMS) geta boðið upp á.

Lífið mitt er svona skemmtilega ófullkomið. Án þess að draga eitthvað úr sjálfri mér. Án þess að setja mínar lífsvæntingar í samkeppni við aðrar. En þið vitðið. Það er ástæða fyrir því að sögurnar fjalla um Andrés Önd en ekki Hákon heppna. Það er ástæða fyrir því að dagbækur Bridgetar Jones seldust í tonnatali. Ef valið stendur milli þess að vera fullkomin kona eða fullkomin ruglkona – kys ég þá heldur að vera fullkomin ruglkona. Hún bara hlýtur að vera bæði skemmtilegri og áhugaverðari karakter, með mun fleiri sögur handa barnabörnunum.

Margrét Arnardóttir



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI

FRASAKÓNGARNIR

Sjomlaveikin

Ef þú ert sjomlaveikur þá ertu búinn að týna þínu innra sjálfi með töffarskap og háði.

Dæmi: „Dóri DNA var ekki beint sáttur með frasakóngana.“ - „Nei skiljanlega, þeir eru svo sjomlaveikir.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



10

hlutir sem þú vissir ekki um Ryan Gosling

Ryan Gosling kom til landsins í gær og Monitor fannst um að gera að nýta tækifærið til að kynna kappanum betur.


- Hann var hluti af sjónvarpsþættaröðinni The All New Mickey Mouse Club ásamt Britney Spears, Christina Aguilera og Justin Timberlake en maður meðleikara hans munu hafa sakað hann um að spilla börnunum sínum með tali um kynlíf.
- Hann ku safna beinagrindum og hafa þær til skrats á heimili sínu.
- Foreldrar Gosling eru Mormónar.
- Hann er fæddur í London, Ontario í Kanada á sama spítala og Rachel McAdams meðleikona hans úr The Notebook og fyrrum ástkona.
- Honum var boðið að vera hluti af strákasveitinni Backstreet Boys en hafnaði því.
- Hann og Sandra Bullock voru bar um hríð en hún er 17 árum eldri en Gosling.
- Hann segist aldrei hafa sagt „hey girl!“ á ævinni.
- Hann er í hljómsveit sem heitir Dead Man's Bones.
- Framleiðendur kvikmyndarinnar Fracture áttu erfitt með að finna Gosling til að afhenda honum handritið hans þar sem hann bjó í tjaldi um hríð árið 2007. Hann hefur aldrei tjáð sig um ástæður þess.
- Gosling á marokkóskan veitingastað í Beverly Hills sem heitir Tagine.

VÍSINDAVEFURINN

Hvað geta hundar orðið gamlir?

Það fer eftir kyni eða afbrigði hversu háum aldri hundar ná. Smærri hundar hafa tilhneigingu til þess að verða eldri en þeir sem eru stærri. Þannig verða smáhundar oft 15-16 ára, meðalstórir og stórir hundar ná gjarnan 10-13 ára aldri en allra stærstu hundakynin verða yfirleitt ekki nema 7-8 ára.

Samkvæmt lista á vefsetrinu Wikipediu er hæsti aldur sem hundur hefur náð 29 ár og 282 dagar. Þessum aldri náði hinn bandaríski Max sem kom í heiminn 9. ágúst 1983 en dó hinn 18. maí 2013.





@nadiasif00 Hárfoss ;) #hair #skrytnirlitirharinu #flip #hairflip #monitormynd



@unistefson Hittum @erlakristin90 í tímaritarekkanum!



@tobbamarinos Hér skal skrifa bók! #boknumar4



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! @nadiasif00 á þessa glæsilegu mynd vikunnar og fær hún bíómiða að launum sem hún getur nálgast í bækistöðvum Monitor.

Ert þú í Instahring Monitor? Merktu þína mynd með #monitormynd og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, monitor.is, auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@siljaulfars Vá það var svo leiðinlega á æfingu í kaplakrika í dag.. @gylfisig22 @marathonmadurinn



@huldisedda #nofilter #monitormynd



@arnordan I asked for two copies from @monitormynd, one for my mother and the other to do this! Takk Monitor!



@embladis #sumar #sol #ocean #monitormynd



@dnadori Kalla þetta lúkk the slutty taliban



@davidluther Virkilega skemmtilegt kvöld! #monitor

„Well, nobody's perfect!”
Some Like It Hot (1959)

KVIKMYND

Ofpeppaður Ofurmaður

Sagan um Ofurmennið er ein þekktasta teiknimyndasería allra tíma og hefur hún oftast en einu sinni verið kvikmynduð. Superman frá 1978 með Christopher Reeve í aðalhlutverki er almennt talin sú besta og leitast menn við að ná að endurvekja þau gæði, með misgóðum árangri. Superman Returns kom út árið 2006 og var arfaslök. Man of Steel er skömminni skárrí en nær þó ekki að toppa útgáfuna frá 1978. Christopher Nolan, sem lífgaði upp á Batman með síðustu 3 myndum, skrifaði handritið að Man of Steel ásamt öðrum en Zack Snyder (Watchmen og 300) sá um leikstjórnina.



Kent er vaxinn úr grasi fara undarlegir hlutir að gerast og þarf hann að leita svara um hver hann sé í raun.

Ég var búinn að bíða lengi eftir þessari mynd og horfa agndofa á stiklur úr henni. Öll tæknivinna er framúrskarandi og er myndin reglulega flott og vel gerð. Myndin fór vel af stað og var sagan sögð á skemmtilegan hátt framan af þar sem flakkað var í gegnum minningar Kal-El/Clark Kent. Hasarinn góður og myndin spennandi. En þegar liða tók á myndina varð hún röð endurtekninga og fór hún þannig vel frammúr sjálfri sér. Stundum að hugsa: „Less is more!”

myndin reglulega flott og vel gerð. Myndin fór vel af stað og var sagan sögð á skemmtilegan hátt framan af þar sem flakkað var í gegnum minningar Kal-El/Clark Kent. Hasarinn góður og myndin spennandi. En þegar liða tók á myndina varð hún röð endurtekninga og fór hún þannig vel frammúr sjálfri sér. Stundum að hugsa: „Less is more!”


Leikarahópurinn var misgóður og þótti mér Henry Cavill ekkert spes sem Ofurmennið, þó að hann hafi verið hraunmassaður. Michael Shannon er hins vegar stórgóður sem skúrurinn General Zod og Amy Adams er finasta Lois Lane. Kevin Costner, Russell Crowe og Laurence Fishburne skiluðu sínum aukahlutverkum, enda þaulvanir.

Það þekkja flestir sögu Ofurmansins frá plánetunni Krypton en honum er komið fyrir á jörðinni af foreldrum sínum til að bjarga honum og halda stofni fólks síns á lífi. Þegar á jörðu er komið og Kal-El/Clark



MAN OF STEEL

IVAR ORRI ARONSSON



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Lone Ranger

Indiáninn Tonto (Johnny Depp) rifjar upp söguna af því þegar lögreglumaðurinn John Reid (Armie Hammer) breyttist í réttlætishetjuna The Lone Ranger sem ekkert fær grandað. Þetta er saga tveggja ólíkra hetja sem þurfa að læra að vinna saman til að yfirbuga græðgi og spillingu.

Sagan um The Lone Ranger kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1933 og var sköpunarverk rithöfundarins Franks Striker. Þessi Zorro Texasríkis og félagar hans, indiáninn Tonto og ofurhesturinn Silver, vöktu fljótlega mikla athygli fyrir vasklegar hetjudáðir og hafa sögurnar um þá notið mikilla vinsælda allar götur síðan.

Leikstjóri: Gore Verbinski.
Aðalhlutverk: Johnny Depp, Helena Bonham Carter, Armie Hammer og Barry Pepper.
Lengd: 149 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egilshöll, Álfabakka, Kringlunni, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Ísafjarðarbíó og Bíóhöllin Akranesi.

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið



TÖLVULEIKUR



Company of Heroes 2
M MMMMM
Tegund: Herkænskuleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Sega
Dómar: 7,5 af 10 – Gamespot
8,4 af 10 – IGN.com
8 af 10 – Eurogamer.net

HETTUPEYSUR OG GJAFAVARA Í ÚRVALI



American Apparel
Hettupeysur.
8.900 kr.



SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 32 · WWW.DOGMA.IS

Nútímatindáttar

Vinsældir herkænskuleikja hafa hrapað síðustu áratugi og hafa þeir í raun þurft að vikja fyrir flottari og hraðari leikjum sem nútíma tölvuleikjaspilarar virðast vilja.

En sem betur fer er smá-líf í þessum flokki leikja og sannast það með Company of Heroes 2 sem var að koma út á PC. Leikurinn er í senn hraður, flottur og fjölbreyttur og skart því öllu sem leitað er eftir í góðum tölvuleik.

Hér detta leikmenn í einhverja blóðugustu orrustu seinni heimsstyrjaldarinnar, en það var árið 1941 þegar nasistar réðust inni Rússland. Hér upplifa leikmenn erfiðleika Rauða hersins sem náði að breyta nánast tapaðri stöðu í ótrúlegan sigur.

Leikmenn fá hér algjöra stjórn yfir herdeildum og er markmiðið að stýra þeim til sigurs í hinum ýmsu bardögum. Til að ná þessu hafa leikmenn gott og einfalt stjórnkerfi leiksins, en hægt er að gefa allar skipanir með tiltölulega þægilegum hætti. Þetta hentar vel leikmönnum eins og mér sem hræðist flókna leiki og vil hafa þetta allt mjög notendavænt. Leikurinn keyrir á glænryrri grafíkvél sem keyrir leikinn áfram af



miklum krafti. Mikið er lagt uppúr smáatriðum og sést vel hversu mikið er lagt í alla þætti. Söguþráður leiksins tekur fjölmarga klukkutíma, en þegar honum sleppir geta leikmenn vaðið á netið og reynt sig gegn þeim bestu í heiminum. Það er hægt að leysa flest verkefni leiksins á marga vegu og er það í höndum leikmanna og herkænsku þeirra hvernig hann spílask.

Ef draumurinn hefur verið að lifa sig inni og taka þátt í einni hörðustu styrjöld allra tíma, þá er óhætt að mæla með Company of Heroes, en leikurinn er stúffullur af efni sem hentar bæði hörðum herkænskuhausum og einnig þeim sem eru nýliðar í spilun þessara leikja.

Nú er bara að keyra Status Quo í græjurnar og blasta upp laginu „In the Army Now“ og lífið verður ljúft...



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON



TYGGJA

FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Fáðu þér síma sem skilur þig

Snjallsími sem skilur íslensku

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is



Samsung
GALAXY S4